

ÁHRIF FYRIRHUGAÐRAR SKATTAHÆKKUNAR

Að borða útsæðið

Skýrsla unnin fyrir Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu

September 2026

ALMENNUR FYRIRVARI

Intellecon er sjálfstætt ráðgjafarfyrirtæki. Intellecon veitir fyrirtækjum og opinberum aðilum m.a. ráðgjöf, framkvæmir rannsóknir og greiningar, semur skýrslur og leggur fram tillögur og ráðleggingar.

Niðurstöður og ályktanir eru Intellecon og endurspegla ekki endilega ályktanir eða skoðanir Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu og aðildarfélaga þeirra.

INNGANGUR

Hér er sjónum beint að hugsanlegum áhrifum boðaðrar aukinnar skattlagningar á fjármálafyrirtæki.

Niðurstöður þeirra útreikninga sem hér birtast byggja á þeim forsendum sem lagt er upp með og eru á ábyrgð skýrsluhöfunda.

HVAÐ ER FYRIRHUGAÐ?

Stjórnvöld hafa boðað aukna skattlagningu á innlend fjármálafyrirtæki, þ.e. hækkun á sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki úr 0,145% í 0,254% af skuldum þeirra.


Gert er ráð fyrir að þessi hækkun muni skila ríkissjóði 6 milljörðum króna í auknartekjur.

Um er að ræða ótekjutengda og ótímabundna skattheimtu.

Þessi aukning bætist við aðra sérstaka skattheimtu sem er þegar há í alþjóðlegum samanburði.

Þessi aukna skattlagning mun hafa ýmiss konar áhrif.

*Skattar sem hlutfall af áhættuvegnum
eignum árið 2022*



Heimild. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og eigin útreikningar.

HVALREKI?


Raunarðsemi íslenskra banka hefur verið með því lægsta sem þekkist í Evrópu á síðustu árum, þ.e. þegar tekið hefur verið tillit til verðbólgu og stýrivaxta í hverju landi fyrir sig.

Hagnaður bankanna á einstöku ári, einn og sér í krónutölum, segir lítið sem ekkert um það sem kalla mætti hvalreka í rekstri þeirra.

Þar er betra að líta til raunverulegrar arðsemi eigin fjár, þ.e. umfram áhættulausa vexti.

Í ljósi eignarhalds bankanna hér á landi ætti lág arðsemi bankanna að vera áhyggjuefni, frekar en hitt.

Arðsemi eigin fjár umfram áhættulausa vexti



Arðsemi eigin fjár hjá bankakerfum Evrópu umfram stýrivexti (meðaltal 2022-2025).

Heimild: Evrópska bankaefirlitsstofnunin (EBA) og eigin útreikningar.

STYÐUR BANKASKATTUR VIÐ STJÓRN PENINGAMÁLA?

Hér þarf að huga að tímabættinum og viðnámsþrótti fjármálafyrirtækja til að takast á við tímabil samdráttar ekki síður en þenslu.

Almennt séð er talið betra að skatta- og gjaldaumhverfi fyrirtækja sé fyrirsjáanlegt en ekki háð tímabundnum aðstæðum og duttlungum stjórnvalda.

Seðlabanki Evrópu (ECB, 2022) og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF, 2024) hafa bent á að aukin skattheimta á banka sé ekki heppileg aðgerð í opinberum fjármálum, t.d. til að loka fjárlagagati eða til sveiflujöfnunar.

Slíkar aðgerðir eiga frekar að vera:

- tímabundnar
- leysa vanda ákveðinna hópa fólks og fyrirtækja.

Til lengri tíma litið er kröftugur hagvöxtur og blómlegt efnahagslíf **forsenda sjálfbærrar tekjuöflunar** ríkissjóðs til lengri tíma litið.

Stöðugt og fyrirsjáanlegt skattaumhverfi er lykilatriði til að tryggja slíkt.

Skortur á fyrirsjáanleika og aukin stjórnmálaleg áhættur dregur auk þess úr hvata **erlendra aðila** til að **fjárfesta** í íslenskum fjármálafyrirtækjum.

STAÐA ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA Í NÚVERANDI EFNAHAGSÁSTANDI

Núverandi efnahagsástand einkennist af verri horfum en gengið var út frá í fyrirbyggjandi áætlunum stjórnvalda.

Verðbólga hefur reynst þrálátari en gert var ráð fyrir

Meginvextir Seðlabanka Íslands eru 8%

Ástæðu verðbólgunnar má að verulegu leyti rekja til gjaldskrárhækkana hins opinbera og aukinna umsvifa þess.

Sjá má merki kólnunar, bæði á **fasteignamarkaði** og auknu **atvinnuleysi**.

Horfurnar eru ekki góðar, ekki síst í ljósi þeirra stríða sem geysa í Úkraínu og við Persaflóa.

Vextir fara hækkandi, sem og ýmis kostnaður, þ.m.t. **orkuverð**.

Þá liggur ekki fyrir hvort brestir í **forsendum kjarasamninga** á vinnumarkaði muni leiða til óróa á vinnumarkaði.

Erfitt rekstrarumhverfi fyrirtækja og **mikil óvissa** um framtíðina.

Markmið um jafnvægi í rekstri hins opinbera er lofsvert en horfa verður til **forgangsröðunar** bæði hvað varðar öflun tekna og ráðstöfun þeirra.

Ætla má að verði **6 milljarðar króna** teknir út úr rekstri bankanna muni það draga úr útlánagetu þeirra um **50 milljarða króna**.

HVER ERU ÁHRIFIN AF ÞVÍ AÐ BREYTA ÁLÖGUM?

Danir leggja sérstakan 4% tekjuskattskatt á fjármálafyrirtæki umfram almennan 22% tekjuskatt.

Samkvæmt útreikningum danska skattamálaráðuneytisins myndi afnám 4% viðbótartekjuskattsins hafa eftirfarandi áhrif:

- Tekjur ríkissjóðs lækka um 2,7 ma. danskra króna en á móti kemur að landsframleiðslan eykst um 9,2 ma.
- Aukning í VLF auk annarra hegðunaráhrifa þýðir að um 46% af töpuðum skatttekjum koma aftur í ríkiskassann með auknum skatttekjum almennt.
- Velferðaráhrif lækkunarinnar eru metin jákvæð uppá 2,3 ma. danskra króna á ári.
- Myndi auk þess stuðla að fjölgun starfa í hagkerfinu.

2,7 ma. DKK minni skatttekjur



en á móti kemur

9,2 ma. DKK aukning VLF



46% af upphaflegri skattalækkun skilar sér til baka í ríkissjóð.



550 störf



Verðferðaráhrif 2,3 ma. DKK



SÖMU ÁHRIF EN AÐRAR STÆRÐIR

Það er erfiðleikum bundið að yfirfæra þessa útreikninga yfir á íslenskan veruleika.


Ætla má að áhrif boðaðrar skattahækkunar muni hafa áhrif í sömu áttir, hér á landi, að breyttu breytanda, þ.e.

- Neikvæð áhrif á hagvöxt
- Endanlegar tekjur lægri en gert er ráð fyrir
- Hugsanlegt velferðartap þegar til lengri tíma er litið

Áhrif hagvaxtar á tekjur og útgjöld hins opinbera eru mjög sterk og ætla má að hvert prósentustig í hagvexti skili sér í 10-15 milljörðum í auknar tekjur á sama tíma dregur úr sjálfvirkum útgjöldum.

Hér verður að vega saman **skammtímaáhrif á tekjur ríkissjóðs** og **langtímaáhrif á velferð**.


*Neikvæð áhrif
á hagvöxt*



*Endanlegar tekjur
ríkisins lægri en gert
er ráð fyrir*



Velferð?



TÍMABUNDNAR AÐGERÐIR VERÐA YFIRLEITT VARANLEGAR, EN HVER BER BYRÐINA?

Oft er það svo að skattahækkanir sem eiga að vera tímabundnar reynast varanlegar.

Sú er reynsla jafnt Íslendinga sem annarra þjóða.


Stjórnvöld taka fram að hér sé um aðgerð að ræða sem er til komin vegna tímabundinna áhrifa. Til að draga úr freistni við að framlengja skattheimtu sem á að vera tímabundin, mætti setja **skýrt sólarlagsákvæði** í viðkomandi löggjöf.

Líkt og með aðra skattheimtu getur verið erfiðleikum bundið að sjá fyrirfram hver það er sem ber byrðina á endanum.

Fræðilegar greiningar á því hvar byrðin lendir gefa misvísandi niðurstöður en allar benda þó til þess að byrðin lendi á endanum á eigendum bankanna og viðskiptavinum þeirra.

Íslenskir bankar eru að mestu í eigu ríkisins og lífeyrissjóða auk þess að einstaklingar eiga um 10% beinan eignarhlut. Þannig er ljóst að byrðin af aukinni skattheimtu mun að langmestu leyti lenda á **almenningi**, annaðhvort beint eða óbeint.

Eigendur íslenskra viðskiptabanka



■ Einstaklingar ■ Lífeyrissjóðir ■ Ríkissjóður ■ Aðrir

Heimild: Ársreikningar bankanna og eigin útreikningar.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Eignarhlutur almennings í bankakerfinu er stór, bæði beint í gegnum ríkissjóð og óbeint gegnum dreift eignarhald lífeyrissjóðanna til viðbótar við dreifðan eignarhluta almennings í viðskiptabönkunum.

Boðaðar skattahækkanir á fjármálafyrirtæki bætast við þá **sértæku skattlagningu** sem þegar er til staðar **auk annarra byrða**, sem eru mun meiri en gerist og gengur í nágrannalöndum okkar.

Endurteknar breytingar á skattlagningu fjármálafyrirtækja auka óvissu í rekstri jafnt bankanna sem annarra fyrirtækja í landinu.

Tímabundnar aðgerðir hafa tilhneigingu til að verða **varanlegri** en gert var ráð fyrir í upphafi.

Núverandi efnahagsástand og slæmar horfur benda ekki til að aukin skattheimta á bankana muni hafa jákvæð langtímaáhrif á efnahagslífið, þrátt fyrir að þær geti skilað ríkissjóði tímabundinni tekjuaukningu.

Boðaðar breytingar vinna gegn sjónarmiðum um **jafna stöðu atvinnugreina** hvað varðar opinberar álögur og skekkja enn frekar samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja.

Ótryggt og síbreytilegt rekstrarumhverfi banka á Íslandi dregur að öðru óbreyttu úr áhuga erlendra aðila til að **fjárfesta** á Íslandi, hvort sem er í bönkunum sjálfum eða annarri atvinnustarfsemi.

Við núverandi ástand og horfur gengur boðuð viðbótarskattlagning **gegn áformum stjórnvalda** um að stuðla að lækkun vaxtastigs, stuðla að stöðugleika og vaxa út úr vandanum.



TILVITNANIR

ECB (2022). Opinion of the European Central Bank of 2 November 2022 on the imposition of temporary levies on certain credit institutions (CN/2022/36).

Carvelli, G., Bartoloni, E. og Baussola, M. (2024). Monetary policy and innovation in Europe: A SVAR approach. *Finance Research Letters*, Vol. 66.

Intellecon (2024). *Þjóðhagsleg áhrif og rekstrarumhverfi fjármálageirans á Íslandi*. Skýrsla unnin fyrir Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu.

Seðlabanki Íslands (2025). *Fjármálastöðugleiki 2025/1*.

International Monetary Fund (2024). Bank Profits and Bank Taxes in the EU. *IMF Working Paper*/24/143.

Seðlabanki Íslands (2023). *Peningamál 2023/3*.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið (2024). *Fjármálaáætlun 2025-2029*.

Stjórnarráð Íslands (2026). *Atvinnustefna Íslands*. Forsætisráðuneytið.

Capelle-Blancard, G. og Hacrylchyk, O. (2013). The Ability of Banks to Shift Corporate Income Taxes to Customers. *CEPPI WP*No. 2013-09 (February). Centre d'Etudes Perspectives et d'Information Internationales.

European Commission (2026). *Taxation of the financial sector*. Final Report, Volume 1. Directorate-General for Taxation and Customs Union, Publication Office of the European Union, Luxembourg.

Sobiech, A., Chronoploulos, D. og Wilson, J. (2021), The real effects of bank taxation: Evidence for corporate financing and investment, *Journal of Corporate Finance*, Vol. 69.

Borsuk, M., Kowalewski, O. og Qi, J. (2023), The dark side of bank taxes, in: *Journal of Banking and Finance*, Vol. 157.